



Stjórn Minjasafns Austurlands, hittist á fjarfundi þ. 24.febrúar 2022.

Viðstaddir á Teams: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Sigrún Blöndal, Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

Formaður setti fund kl. 16.00.

Dagskrá:

1. Skýrsla safnstjóra
2. Skýrsla um sameiningar og samstarf safna - kynning
3. Húsnæðismál
4. Starfsstefna til næstu fjögurra ára.
5. Önnur mál

1. Skýrsla Safnstjóra

Safnstjóri fór stuttlega yfir starfið frá síðasta fundi. Safnið hefur tekið þátt í BRAS (m.a. með smiðju útfra myndmáli Valþjófsstaðahurðarinnar) og ýmsir viðburðir voru haldnir í tengslum við jólaundirbúning. Starfsmenn tóku þátt í Farskóla FÍSOS í október en næsti farskóli verður haldinn á Austurlandi á komandi hausti og er undirbúningur þegar hafinn. Sótt hefur verið um ýmsa styrki á vegum Minjasafnsins, m.a. í Safnasjóð og Uppbyggingarsjóð Austurlands. Styrkur fékkst til gerðar fýsileikakönnunar varðandi sameiginlegt geymsluhúsnæði fyrir söfn á Austurlandi og er sú könnun í undirbúningi. Styrkur fékkst til að fjármagna heimsókn starfsmanna Minjasafnsins á söfn á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Í undirbúningi er sýning á verkum Francois Lelong sem opnar í vor.

Stjórn lýsir ánægju sinni með hve starf safnsins hefur verið kröftugt þrátt fyrir sérstakar aðstæður í samfélaginu síðasta ár.

2. Skýrsla um sameiningar og samstarf safna - kynning

Skýrsla um mögulega aukið samstarf eða sameiningu safna á Austurlandi. Verkefnið var liður í byggðaaætlan fyrir árin 2018 – 2024 og var unnið á vegum Austurbrúar 2020-2021. Helstu niðurstöður eru m.a. :

- Söfn og setur á Austurlandi eru mörg og mjög fjölbreytt.
- Mikil tækifæri eru varðandi varðveislu og tengingu við samfélagið fyrr og nú, ferðaþjónustu, fræðslustarf og aðrar skapandi greinar.
- Flestar rekstrareiningar líða fyrir skort á fjármagni og undirmönnun.
- Meðaltal stöðugilda, rekstrartekjur og gestafjöldi viðurkenndra safna er lægstur á Austurlandi þegar málaflokkurinn er skoðaður yfir landið.
- Mikill vilji til aukins samstarf en skiptar skoðanir um hugmyndir um sameiningar.
- Hugmyndir settar fram um aukið samstarf s.s. sameiginlega markaðssetningu, fræðslufulltrúa og kynningarstarf. Sömuleiðis hugmynd um að endurreistur sé safnaklasi/faghópur og skoðaðir möguleikar á sameiginlegu varðveisluhúsnæði

Stjórn Minjasafns Austurlands fagnar gerð skýrslunnar og telur mikilvægt að efni hennar sé tekið til umræðu í sveitarstjórnnum á svæðinu sem fyrst.

3. Húsnæðismál.

Safnstjóri fór yfir stöðuna í húsnæðismálum safnsins. Munageymsla hefur verið flutt frá Tjarnarási yfir í Smiðjusei. Þarna eru geymdir þeir munir sem ekki eru viðkvæmir.

*Stjórn Minjasafns Austurlands telur mjög mikilvægt að bæta til muna upplýsingaflæði frá sveitarfélaginu Múlaþingi og byggingarnefnd Menningarhúss varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir við Safnahúsið. Sömuleiðis þyrfti að upplýsa stjórn um hvernig staðan er varðandi samstarfsamning Múlaþings og Fljótsdalshrepps um Minjasafn Austurlands. Stjórn kallar eftir viðbrögðum frá byggðaráði Múlaþings, sem fjallar um menningarmál, og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps varðandi ofangreind atriði. Þar sem sveitarstjórnarkosningar eru framundan er mikilvægt að stjórn safnsins sé upplýst um stöðu mála **sem fyrst**.*

4. Starfsstefna til næstu fjögurra ára.

Samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 eiga söfn að skila stefnumörkun um starfsemi sína til viðeigandi höfuðsafns á fjögurra ára fresti. Síðasta stefna fyrir Minjasafn Austurlands var samþykkt á aðalfundi 2018 og náði til 2021. Safnstjóri fór stuttlega yfir mælanlegan árangur af þeirri stefnu.

Koma þarf af stað vinnu við nýja stefnu en sú vinna þarf að vera í samhengi við þá stefnu sem eigendur safnsins hafa í menningarmálum.

Stjórn Minjasafns Austurlands telur það vera á ábyrgð sveitarstjórna Múlaþings og Fljótsdalshrepps að setja sér menningarstefnu þar sem hlutverk safna er skilgreint og í framhaldi af því sé unnin stefna fyrir Minjasafn Austurlands.

5. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.15.

Fundargerð ritaði Sigrún Blöndal